



Sveitarfélagið Garður  
Páll S. Pálsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Melbraut 3  
250 Garður

**Umhverfisstofnun**  
*Environment and Food Agency of Iceland*  
Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland  
(+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 14. janúar 2008  
Tilvísun: UST20071200093/sf

### **Deiliskipulag iðnaðarlóðar við Berghóla í landi Sveitarfélagsins Garðs**

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Garðs, dags. 18. desember 2007, vegna tillögu að deiliskipulagi iðnaðarlóðar við Berghóla í landi Sveitarfélagsins Garðs, auk umhverfisskýrslu vegna fyrirhugaðra álversáforma á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við umhverfisskýrslu vegna deiliskipulags iðnaðarlóðar við Berghóla í landi Sveitarfélagsins Garðs með bréfi til VGK-Hönnunar dags. 16. júlí 2007. Breytingar hafa verið gerðar á texta umhverfisskýrslu frá því að fyrrgreind umsögn stofnunarinnar lá fyrir.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

#### **Jarðrask**

Í kafla 5.3 um jarðrask í umhverfisskýrslu segir m.a.: „*Áhrif á gróðurfar svæðisins i heild þykja því jákvæð þó að áhrif á náttúrulegan gróður séu neikvæð.*“

Umhverfisstofnun ítrekar ábendingar þess efnis að rökstuðning vanti fyrir framangreindri fullyrðingu í umhverfisskýrslu. Eins og fram kom í umsögn stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík leggst stofnunin gegn því að gróðurfari verði umblytt og hafnar því að að breyting yfir í ræktað svæði teljist jákvæð áhrif án frekari rökstuðnings.

#### **Loft**

Umhverfisstofnun benti á það í umsögn sinni um mat á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík að tillaga að þynningarsvæði væri rúm miðað við reiknaða dreifingu útblásturs án þess að slík tilhögun væri sérstaklega skýrð nánar. Stofnunin vakti jafnframt athygli á því í bréfi sínu til VGK-Hönnunar vegna umhverfisskýrslu fyrir deiliskipulag iðnaðarlóðar við Berghóla að hugsanlega yrði þörf á að endurskoða mörk þynningarsvæðisins þegar stærð þess yrði endanlega ákveðin. Umhverfisstofnun ítrekar þá ábendingu að endanleg mörk þynningarsvæðis verða ákveðin við afgreiðslu stofnunarinnar á starfsleyfi eftir auglýsingu þess.

## Ásýnd

Í umfjöllun um ásýnd í umhverfisskýrslu segir m.a.:

*„Með réttu litavali er einnig hægt að draga úr sjónrænum áhrif bygginga. Hugmyndir arkitekta varðandi litaval á byggingum er að brjóta byggingarnar upp með mismunandi litum sem falla vel að umhverfinu. Þannig er gert ráð fyrir að skipta langhliðum kerskálanna upp í litaſleti sem lýsast og dekkjast á víxl sem dregur úr einsleitni mannvirkisins. Ráðgert er að láta litina vísa til sibreytilegra litbrigða himins og hafs i bakgrunni.“*


Umhverfisstofnun vekur athygli á að framangreind umfjöllun um litaval virðist vera í ósamræmi við ásýnd fyrirhugaðs ávers samkvæmt mynd 4 í umhverfisskýrslu. Hvað varðar litaval telur stofnunin mikilvægt að forðast verði að velja skæra og skarpa liti sem skera sig mjög frá umhverfi áversins. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að í umfjöllun um litaval er ekki fjallað um reykháfa hreinsibúnaðar.


## Fuglalíf

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í deiliskipulagstillöggunni er ekki sýnd staðsetning flæðigryfju í Selvík né fjallað sérstaklega um þann þátt starfseminnar í umhverfisskýrslu. Stofnunin bendir á að í áltí Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ávers í Helguvík frá 4. október 2007 segir m.a.:

*„Skipulagsstofnun telur upplýsingar og umfjöllun í matsskýrslu um bjargfugl ásættanlega nema hvað varðar áhrif af byggingu sjóvarnargarðs og aðkomu að kerbrotagryfju. Að því þarf að hyggja við gerð deiliskipulags með það að markmiði að lágmarka röskun fuglalífs.“*  
 Í framangreindu áltí Skipulagsstofnunar kemur jafnframt fram að nauðsynlegt sé að staðsetning og gerð vegar að flæðigryfju taki mið af því að hún valdi sem minnstum breytingum á ásýnd umhverfisins við ströndina.

Virðingarfyllst

  
 Sigurrós Friðriksdóttir



Hjalti Guðmundsson  
sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.